

IV. KAFLI

Viðurlög og gildistaka.

7. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

8. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 15. gr. laga nr. 85/1968, um eiturefni og hættuleg efni og lögum nr. 50/1981 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast gildi 1. ágúst 1982. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 525/1980 um mörk lindans (hexíciðs) og ísómera þess í tilteknum matjurtum, smjörfitu og smjörlíkisfitu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. júní 1982.

Svavar Gestsson.

Ingolf J. Petersen.

25. júní 1982.

Nr. 350.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 165 16. september 1963

um sjón og heyrn skipstjórnarmanna.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Við ofangreint sjónpróf er heimilt að nota augnlinsur (snertilinsur, contact-linsur). Þá skal og gæta þess, að sá, sem prófaður er, þíri ekki augun meðan á prófi stendur.

2. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Sé sá, sem prófa skal, 40 ára eða eldri, og sanni hann með sjóferðabók eða á annan tryggilegan hátt, að hann hafi í 10 ár eða lengur gegnt skipstjóra- eða stýrimannsstöðu, og að hann hafi í byrjun starfstíma síns fullnægt kröfum 2. gr. reglugerðar þessarar, er heimilt að nota gleraugu við prófið.

Með gleraugum skal hann hið minnsta hafa sjónstyrkleika:

6/9 eða 0.67 á betra auga og

6/24 eða 0.25 á lakara auga.

Sjónsvið skal hann hafa óskert og litskyggni fullkomið, samkvæmt 2. gr. þessarar reglugerðar.

3. gr.

10. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Missi skipstjórnarmaður atvinnuréttindi sín samkvæmt reglugerð þessari, getur ráðherra veitt undanþágu frá henni. Þó skulu meðmæli nefndar þeirrar, er um getur í 9. gr., koma til. Aldrei má veita slíka undanþágu, sé sjónstyrkur með berum augum eða augnlinsum, undir 6/9 eða 0.67 og óskert sjónsvið á betra auga eða því auga, sem eftir er, hafi annað augað ónýst að fullu. Undanþágu má veita 6 mánuðum eftir slys eða sjúkdóm þann, er sjóntapinu olli. Undanþágu má ekki veita öðrum en vönum skipstjórnarmönnum, og skal í slíkum tilfellum endurnýja augnvottorð á 5 ára fresti.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 69 30. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 25. júní 1982.

Steingrímur Hermannsson.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 351.

25. júní 1982.

REGLUR

um staðsetningu, losunar- og sjósetningarbúnað gúmmíbjörgunarbáta fyrir þilfarsskip, og búnað til að komast í gúmmíbjörgunarbáta.

1. gr.

- 1.1. Gúmmíbjörgunarbatum skal þannig fyrir komið og frá þeim gengið um borð í skipum að hægt sé að losa þá til sjósetningar með einu handtaki frá minnst tveim stöðum í skipinu, (fjarstýring).
- 1.2. Alltaf skal hægt að losa gúmmíbjörgunarbát til sjósetningar frá þeim stað, þar sem hann er staðsettur, og frá stjórnþalli á skipum, sem minni eru en 500 brl.
- 1.3. Í hverju skipi skal einn gúmmíbjörgunarbátur vera með viðurkenndum sjóstýribúnaði.

2. gr.

- 2.1. Staðsetning gúmmíbjörgunarbáta og sjósetningarbúnaður er háður samþykki Siglingamálastofnunar ríkisins.
- 2.2. Þegar um ný skip er að ræða, skal skipasmíðastöð senda Siglingamálastofnun ríkisins til athugunar og viðurkenningar sérstaka teikningu, er sýni staðsetningu allra hjargtækja skipsins. Skal þar taka tillit til:
 - 1) Að hjargtæki séu staðsett sem næst vistarverum áhafnar og þar sem skipshöfn er við störf.
 - 2) Að nægjanlegt rými sé til afhafna við þann stað, sem fara skal frá í hjargtækið.
 - 3) Að engin tvö hjargtæki séu þannig staðsett, að þau geti torveldað notkun hvors annars.
 - 4) Gúmmíbjörgunarbátar skulu vera þannig staðsettir og fyrir komið, að þeir komist með öryggi út fyrir borðstokk og í sjóinn, þótt skip hallist 60° í gagnstætt borð við sjósetningu bátsins. Sérstaklega skal hugað að því, að gúmmíbjörgunarbátur geti ekki lent inn undir neðri þilför skips, í stað þess að komast í sjóinn.
 - 5) Leggist skip á þá hlið, þar sem gúmmíbjörgunarbátur er staðsettur, skal hann fljóta upp, þegar fjarstýrð læsing hefur verið opnuð.
 - 6) Ekki mega stöðir, stög, né aðrar hindranir verða fyrir við sjósetningu gúmmíbjörgunarbáta.

3. gr.

- 3.1. Á borðháum skipum, þar sem hæð, sem komist verður í gúmmíbjörgunarbát frá, er meiri en 5 metrar yfir sjávarfleti á kjölréttu létthlöðnu skipi, skal vera sérstakur búnaður til að komast frá skipi í gúmmíbjörgunarbát.
- 3.2. Slíkur búnaður getur verið uppblásinn renna, uppblásið rör (slanga) eða annar búnaður, sem háður er viðurkenningu Siglingamálastofnunar ríkisins, fyrir hvert einstakt skip.